



Rannsóknasjóður

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Niðurstöður og ábendingar	3
3	Fjárheimildir og rekstur	4
	3.1 Fjárheimildir	4
	3.2 Rekstraráætlun.....	4
	3.3 Niðurstaða.....	4
4	Innra eftirlit.....	5
	4.1 Inngangur	5
	4.2 Umfjöllun	5
	4.3 Niðurstaða.....	5
5	Fylgni við lög og reglur.....	6
	5.1 Inngangur	6
	5.2 Umfjöllun	6
	5.2.1 Styrkir.....	6
	5.3 Niðurstaða.....	6
6	Endurskoðun rekstrarliða	7
	6.1 Sértekjur.....	7
	6.2 Rekstrargjöld	7
	6.3 Styrkir	7
	6.4 Sérfræðiþjónusta	7
	6.5 Niðurstaða.....	7
7	Endurskoðun efnahagsliða	8
	7.1 Eignir	8
	7.1.1 Ríkissjóður.....	8
	7.1.2 Viðskiptakröfur	8
	7.1.3 Handbært fé.....	8
	7.2 Eigið fé og skuldir	9
	7.2.1 Höfuðstóll	9
	7.2.2 Ógreiddir samþykktir styrkir	9
	7.2.3 Viðskiptaskuldir.....	9
	7.3 Niðurstaða.....	9
8	Önnur atriði	10
	8.1 Lögfræðibréf	10
	8.2 Óhæðisyfirlýsing.....	10
	8.3 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	10

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Rannsóknasjóðs, fjárlagaliðar 02-236, fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi fjárlagaliðarins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur fjárlagaliðarins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Rannsóknasjóðs var síðast endurskoðaður 2014 vegna ársins 2013.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Rannsóknasjóðs fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að fylgt sé þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Eftirfarandi ábendingar eru þó settar fram í framhaldi af endurskoðun ársins 2016:

1. Viðskiptareikningur við Rannsóknamiðstöð Íslands

Ríkisendurskoðun bendir á að bæta má gagnsæi í fjárreiðum Rannsóknasjóðs ef bankareikningur sjóðsins verður notaður fyrir framlög ríkissjóðs til sjóðsins og greiðslur styrkja og annars kostnaðar í stað viðskiptafærslu hjá Rannsóknamiðstöð Íslands.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum ársins 2016 til Rannsóknasjóðs námu 2.470,5 m.kr. Engar breytingar voru gerðar á fjárveitingum ársins frá fjárlögum. Gjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 2.257,6 m.kr. og voru því samtals 212,5 m.kr. lægri en fjárheimildir ársins. Tilfærslur á árinu eru vegna greiddra styrkja Rannsóknasjóðs samkvæmt samningum.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-35.000	-35.000	-511	-34.489	-425
Önnur rekstrargjöld	0	0	18.930	-18.930	25.453
Tilfærslur	2.505.500	2.505.500	2.239.131	265.869	1.619.113
Samtals	2.470.500	2.470.500	2.257.550	212.450	1.644.141

3.2 Rekstraráætlun

Ráðuneytið hefur ekki farið fram á að rekstraráætlun frá Rannsóknasjóði sé skráð í fjárhagskerfið. Ríkisendurskoðun leggur til að svo sé gert og að vandað sé til áætlanagerðar og að reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við rekstraráætlun ársins.

3.3 Niðurstaða

Á árinu 2016 var rekstur Rannsóknasjóðs 212,5 m.kr. innan fjárheimilda. Höfuðstóll hækkaði milli ára um það sem nam tekjuafgangi ársins. Rekstraráætlanir eru sendar til ráðuneytisins en það gerir ekki kröfu til þess að áætlun sé skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Ríkisendurskoðun leggur til að það sé gert.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá fjárlagaliðnum. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Samkvæmt 1. tl. laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, er umsýsla með fjárlagaliðnum hjá Rannsóknamiðstöð Íslands og þar með öll umsýsla með fjárreiður og bókhald Rannsóknasjóðs. Bókhald er fært í Navision (Microsoft Dynamics NAV) og niðurstöður bókhalds eru uppfærðar í fjárhagsbókhald ríkisins. Fjárslá ríkisins annast greiðslu fjárframlaga úr ríkissjóði í samræmi við fjárveitingar.

Athugun á innra eftirliti takmarkaðist að þessu sinni við tekjur Rannsóknasjóðs og afgreiðslu styrkja. Eftirtalin atriði stuðla helst að innra eftirliti og annarri reglu á bókhaldi og fjármálum Rannsóknasjóðs:

- Endanleg ákvörðun um úthlutun styrkja er tekin af stjórn Rannsóknasjóðs.
- Afgreiðsla umsókna skráð í fundargerðir.
- Gjaldkeri Rannís greiðir styrki eftir samningum við viðkomandi styrkþega.

4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Rannsóknasjóði varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda og virðist vera í föstum skorðum hjá Rannsóknamiðstöð Íslands.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur fjárlagaliðar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og þar sem það á við. Fjallað er sérstakleg um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

5.2 Umfjöllun

5.2.1 Styrkir

Tilgangur Rannsóknasjóðs er veiting styrkja til tiltekinna verkefna. Farið var yfir verklag við úthlutun styrkja og ekkert benti til annars en að verklag við úthlutun þeirra væri með eðlilegum hætti. Sérstakir samningar eru gerðir um hverja styrkveitingu, þeir undirritaðir af styrkþega og þeim sem úthluta styrkjunum. Fjárheimildir voru til staðar við veitingu styrkjanna.

5.3 Niðurstaða

Ekki verður séð annað en að Rannsóknasjóður fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana og fjárlagaliða í A-hluta fjárlaga.

6 Endurskoðun rekstrarliða

Farið var yfir helstu rekstrarliði og þeir greindir með tilliti til breytinga milli ára og leitað skýringa þar sem þessi þótti þörf.

6.1 Sértekjur

Sértekjur Rannsóknasjóðs á árinu 2016 námu alls 0,5 m.kr. og voru eingöngu tilkomnar vegna fjármagnstekna ársins að frádregnum fjármagnstekjuskatti.

6.2 Rekstrargjöld

Helsti útgjaldaliður Rannsóknasjóðs eru styrkveitingar. Veittir styrkir námu 2.239,1 m. kr. og önnur rekstrargjöld námu 18,9 m.kr.

6.3 Styrkir

Við endurskoðun var úthlutun úr Rannsóknasjóði borin saman við gjaldfærða samninga og eftirstöðvar. Styrkveitingar á árinu 2016 námu 2.239,1 m.kr. samanboreið við 1.619,1 m.kr. árið áður og hækkuðu þannig um 620,0 m.kr. eða 38,3% milli ára. Farið var yfir verklagsreglur um samþykki styrkja, úthlutun og afgreiðslu þeirra en til grundvallar úthlutunarreglum er 6. gr. laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Ekki komu fram athugasemdir við framangreind atriði.

6.4 Sérfræðiþjónusta

Stærsti útgjaldaliður rekstrargjalda, fyrir utan styrkveitingar, er aðkeypt sérfræðiþjónusta eða 17,7 m.kr. Þar af var þóknun til fagraðs sem leggur mat á umsóknir 17,5 m.kr. og lögfræðikostnaður 0,2 m.kr.

6.5 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við rekstrarliði.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir Rannsóknasjóðs 1.182,8 m.kr., skuldir 662,9 m.kr. og eigið fé nam um 520,0 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Inneign hjá ríkissjóði	1.150.688	773.188	377.500
Skammtímakröfur	32.528	37.228	-5.700
Handbært fé	621	28.543	-27.922
Eignir alls	1.182.837	838.959	343.878
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	519.959	307.509	212.450
Ógreiddir samþykktir styrkir	629.169	477.989	151.180
Viðskiptaskuldir	33.709	53.461	-19.752
Eigið fé og skuldir alls	1.182.837	838.959	343.878

7.1 Eignir

7.1.1 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði. Í árslok 2016 átti sjóðurinn 1.150,7 m.kr. inneign á viðskiptareikningi við ríkissjóð miðað við 773,2 m.kr. í lok fyrra árs.

7.1.2 Viðskiptakröfur

Í lok ársins 2016 námu skammtímakröfur Rannsóknasjóðs 31,5 m.kr. miðað við 37,2 m.kr. í lok fyrra árs. Um er að ræða inneign á bankareikningi vörslusjóðs sem er vegna inneignar hjá START. Vörslusjóðurinn á sér mótfærslu meðal skammtímaskulda. Bankayfirliti vegna vörslusjóðs bar saman við stöðu bókhaldsins í árslok.

7.1.3 Handbært fé

Handbært fé sjóðsins er varðveitt á bankareikningum. Farið var yfir afstemmingar bankareikninga og var staða þeirra í samræmi við bankayfirlit. Styrkir eru ekki greiddir út af umræddum bankareikningi heldur í gegnum millifærslur milli Rannsóknasjóðs og Rannís, sem gengur frá greiðslunni.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll fjárlagaliðarins sýnir uppsafnaðan rekstrarafgang gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2016 sýnir höfuðstóllinn að uppsafnaður tekjuafgangur er um 520,0 m.kr. og hafði staðan batnað um 212,5 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

7.2.2 Ógreiddir samþykktir styrkir

Styrkir vegna ákveðinna verkefna eru greiddir út skv. ákvæðum í samningum um skil á áfanga- og lokaskýrslum um framvindu og lok verkefna. Í ákveðnum tilfellum er veittur tiltekinn frestur á skýrsluskilum og samsvarandi frestur á greiðslu styrks.

Eftirstöðvar styrkja í árslok 2016 námu 629,2 m.kr. miðað við 478,0 m.kr. árið áður. Samþykktir styrkir vegna verkefna ná yfir þrjú ár en aðeins er gjaldfært og skuldfært á hverju ári það sem tilheyrir árinu miðað við framvindu verkefna skv. upplýsingum frá Rannís. Afskrifaðir styrkir á árinu 2016 námu samtals 13,3 m.kr. og var sundurliðun á þeim lögð fram við endurskoðun ásamt skýringu á hverju tilviki. Ríkisendurskoðun bendir á að setja þurfi reglur um fyrningarfrest ógreiddra styrkja. Sundurliðun ógreiddra styrkja var með eftirtöldum hætti:

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eftirstöðvar styrkja 2009	720	970	-250
Eftirstöðvar styrkja 2010	0	195	-195
Eftirstöðvar styrkja 2011	707	1.927	-1.220
Eftirstöðvar styrkja 2012	936	7.983	-7.047
Eftirstöðvar styrkja 2013	2.580	6.606	-4.026
Eftirstöðvar styrkja 2014	8.589	53.376	-44.787
Eftirstöðvar styrkja 2015	74.806	406.932	-332.126
Eftirstöðvar styrkja 2016	540.831	0	540.831
Eftirstöðvar styrkja alls	629.169	477.989	151.180

7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir fóru úr 53,6 m.kr. í ársbyrjun í 33,7 m.kr. í árslok 2016 og lækkuðu þannig um 19,8 m.kr. milli árana. Viðskiptaskuldir samanstanda af mótreikningi vörslufjár 31,5 m.kr., skuld við Rannís 1,3 m.kr. og almennum viðskiptaskuldum 0,8 m.kr. eða alls 33,7 m.kr. Ríkisendurskoðun bendir sjóðnum á að gerð verði upp þessi staða á milli Rannsóknasjóðs og Rannís.

7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun mælist til að framlög ríkissjóðs til Rannsóknasjóðs verði lögð inn á bankareikning sjóðsins í stað þess að vera greidd inn á bankareikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Þá bendir Ríkisendurskoðun á að gera þarf upp viðskiptaskuld við Rannsóknamiðstöð Íslands að fjárhæð kr. 1.346.468,-

8 Önnur atriði

8.1 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi árið 2016 þar sem engin málaferli voru í gangi varðandi sjóðinn samkvæmt upplýsingum forstöðumanns Rannís.

8.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Rannsóknasjóði 28. nóvember 2016.

8.3 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Rannsóknasjóði var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstöðumanni Rannsóknamiðstöðvar Íslands 28. nóvember 2016.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Rannsóknasjóðs.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is